

SAMKEPPNI UM GERÐ ÚTILISTAVERKS Á AUSTURGAFL SJÁVARÚTVEGSHÚSSINS Á VEGUM ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTISINS

DÓMNEFNDARÁLIT
MARS 2018

INNGANGUR

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið efndi í nóvember s.l. til opinnar samkeppni um gerð útilistaverks á austurgafli Sjávarútvegshússins við Skúlagötu 4. Kallað var eftir tillögum að verki með skírskotun í sögu sjávarútvegs á Íslandi. Auk listrænna gæða var lögð var áhersla á að verkið taki tillit til umhverfisins, falli vel að svæðinu og þoli íslenska veðráttu. Um er að ræða tímabundið verk sem mun prýða austurgafli hússins í að minnsta kosti þrjú ár.

Um samkeppnina giltu samkeppnisreglur Sambands íslenskra myndlistarmanna (SÍM). Tuttugu og fimm tillögur bárust í samkeppnina sem var opin öllum skapandi einstaklingum og hópum. Þrjár tillögur voru metnar ógildar og ein tillaga var dregin tilbaka af höfundi. Dómnefnd skipuð fulltrúum Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og SÍM hefur nú valið eina af tillögunum til útfærslu. Höfundur vinningstillögunnar hlýtur kr. 250.000,- í verðlaun.

Þeir þættir sem dómnefnd skoðaði sérstaklega voru almenn listræn gæði, frumleiki, raunhæfi og hversu vel verkið féll að þema verkefnisins.

DÓMNEFND

Dómnefndarfulltrúar skipaðir af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu

Guðmundur Oddur Magnússon, rannsóknarprófessor við Listaháskóla Íslands,
formaður dómnefndar
Gunnar Lárus Hjálmarsson, tónlistarmaður
Vera Líndal Guðnadóttir, mannfræðingur

Dómnefndarfulltrúar skipaðir af Sambandi íslenskra myndlistarmanna

Elín Hansdóttir, myndlistarmaður
Unndór Egill Jónsson, myndlistarmaður

Trúnaðarmaður, Samband íslenskra myndlistarmanna
Ingunn Fjóla Ingbórsdóttir, myndlistarmaður

Ráðgjafi dómnefndar
Atli Bryngeirsson, framkvæmdastjóri Sjávarútvegshússins

UMSÖGN DÓMNEFNDAR

Samhljóða niðurstaða dómnefndar var að velja verk sem gekk undir nafninu „Glitur hafsins“, auðkennd með númerinu 010901. Nafngiftin kemur reyndar ekki frá höfundu heldur lýsingu höfundar á hugmynd sinni „þarna bregður fyrir eða mótast fyrir fiski og hval, neti og öldum en allt er þetta samofið í eitt form sem umvefur sjálft sig og skapar eitthvað nýtt og óráðið. Formið er á hreyfingu, virðist skjótast upp úr jörðinni eða hafinu í átt að himninum, í átt að framtíðinni. Á efri part myndar eru litlir speglar bróðeraðir inn í myndefnið. Speglarnir munu grípa ljósið og gefa verkinu tilbreytingu, endurvarpa umhverfinu og skjóta ljósgeislum því sólin skín beint á efri part gafsins á ákveðnum tíma dags. Ljósgeislarnir vísa beint í glitur hafsins, í glerhjúp Hörpu en einnig vonarneistana sem við leitum að til að halda áfram að þróast og þroskast.“ Verkið hefur þannig eiginleika að vaxa við nánari kynni, það leynir á sér og gæti vakið veruleg hugrif við rétt skilyrði við leik ljóssins og nánasta umhverfis. Það dansar á milli raunveruleika og ímyndunarafis og gefur þannig áhorfendum tækifæri til að túlka á mismunandi hátt hvað þeir sjá og skilja. Það er eitt af einkennum góðra listaverka. Við teljum að verkið falli vel að umhverfi sínu og tali til þess og að það hafi rómantíska skírskotun til sögu sjávarútvegs á Íslandi.

NIDURSTAÐA

Val dómnefndar er tillaga með auðkennisnúmerinu 010901

Guðmundur Oddur Magnússon, formaður,
fyrir hönd atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins

Gunnar Lárus Hjálmarsson
fyrir hönd atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins

Elín Hansdóttir
fyrir hönd SÍM

Vera Lindal Guðnadóttir
fyrir hönd atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins

Unndór Egill Jónsson
fyrir hönd SÍM